

Fundargerð

10. febrúar 2021

Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

Jónsmessunefndar

10. febrúar 2021

Árið 2021, 10. febrúar kl. 14:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

- Gestir fundarins undir lið 1: Eiríkur Benónýsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Björn Þór Hermannsson skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri hjá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.
- Gestir fundarins undir lið 2: Ásta Valdimarsdóttir ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, Elsa B. Friðfinnsdóttir skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu og Ásthildur Knútsdóttir skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir frá:

- a) Samráðsnefnd um opinber fjármál: 4 fundir frá 3. desember 2020 til 5. febrúar 2021.
- b) Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu: frá 12. desember 2020.
- c) Kjaramálaráð: samantekt frá árinu 2020.

Umfjöllun um fundargerðir samráðsnefndar um opinber fjármál

Björn Þór greindi frá því samráðsnefndin væri að funda með mjög reglulegu millibili og væru tvö mál efst á baugi hjá nefndinni, annars vegar vegna lánamála sveitarfélaga og hins vegar staðgreiðsla útsvars. Í janúar var staðgreiðsla útsvars 24% hærri en í sama mánuði árið 2020. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslunni er hluti

af þessum greiðslum vegna uppgjörs fyrirtækja á frestunum á síðasta ári. Sveitarfélög hafi þegar fengið frestanirnar greiddar þ.a.l. er um tvígreiðslu að ræða. Fjársýslan greiðir daglega til sveitarfélaga greidda staðgreiðslu skv. samningum, það er tæknilega ekki hægt að aðgreina greiðslu á frestuðum greiðslum í daglegum uppgjörum. Fyrirtækjum sé einnig heimilt að fresta greiðslum í ár sem eykur flækjustigið. Verið er að yfirfara hvernig best sé að haga uppgjöri og skilagreinum til sveitarfélaga þannig að fjárhagsstaða þeirra sé ljós á hverjum tíma, von sé á niðurstöðum mjög fljótlega.

Fulltrúar sveitarfélaganna óskuðu formlega eftir að fá skriflega greinargerð um hvað gerðist, hvernig bætt verði úr vandamálinu og hvernig komið verði í veg fyrir að slíkt gerist aftur til að miðla áfram til sveitarfélaga.

Niðurstaða:

1. *Skrifleg greinargerð sem tekur á staðgreiðslu útsvars verði kynnt Jónsmessunefnd við fyrsta tækifæri. Karl Björnsson mun fylgja málinu eftir í samvinnu við Helgu Jónsdóttur, skrifstofustjóra skattaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.*
2. *Hvað varðar lánamál er FJR reiðubúið að skoða þær leiðir sem ekki er búið að útiloka og eiga um það samtöl við sveitarfélögin, þessu hefur verið beint inn í samstarfsnefnd um lánamál.*

2. Heilsuefning aldraðra – kynning á skýrslu heilbrigðisráðuneytisins

Fulltrúar heilbrigðisráðuneytis gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum skýrslu starfshóps sem ber heitið Heilsuefning aldraðra. Settar eru fram 5 tillögur; samstarf um heilsuefningu, hreyfing og virkni, næring, húsnæði og ytra umhverfi og fræðslu og kannanir.

Niðurstaða:

1. *Að yfirferð lokinni voru fundarmenn sammála um mikilvægi þessa málefnis og nauðsynlegt væri að formgera þetta samstarf, skipulag og fjármögnun. Stofnaður verður stýrihópur sem mun vinna að gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar með fyrirbyggjandi tillögum með ábyrgðarsetningu og kostnaðarmati þar sem þess væri kostur. Rætt var þátttöku fulltrúa sambandsins í stýrihópnum auk fulltrúa frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og ráðuneyti sveitarstjórnarmála.*

3. Endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og endurskoðun Jöfnunarsjóðs (framhald frá síðasta fundi)

Lögð var fram tímasett verkefnisáætlun, litlar breytingar frá síðasta fundi nema búið að bæta við fulltrúa frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu inn í 7 manna yfirnefndina. Reiknað er með að verkefninu verði lokið fyrir árslok.

Niðurstaða:

1. *Óskað var eftir upplýsingum fyrir næsta fund Jónsmessunefndar um hver staðan væri á því að færa gistináttgjald yfir til sveitarfélaga á þessu kjörtímabili.*

2. *Tilnefna þarf fulltrúa í yfirnefndina og starfshópana tvo og gangsetja verkefnið.*

4. Verkefni og verkefnaábyrgð á grundvelli samkomulags – staðan í febrúar

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir stöðu á verkefnum í samkomulagi aðila á grundvelli LOF. Greint var frá því að verkefnin eru lang flest komin vel af stað.

Niðurstaða:

1. *Ákveðið að setja þennan lið fast á dagskrá nefndarinnar til að fylgjast með framþróun verkefna.*

5. Önnur mál

Lagt var til að í stað þess að gera nýtt samkomulag á grundvelli LOF á þessu ári að búa frekar til viðauka við núverandi samkomulag sem snýr að fjármálum.

Niðurstaða:

1. *Fundarmenn voru sammála að búa til viðauka við núverandi samkomulag.*

Næsti fundur nefndarinnar verður 10. mars kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 15:30.

-TDC-